

GERnétic- Öflugar húðlækningavörur

GERnétic-húðlækningavörurnar eiga sér enga hliðstæðu, þar sem þær hjálpa líkamanum að lækna sig sjálfur. Þær eru þróaðar til þess að næra öll líffærakerfi líkamans og ráðast þannig að rótum húð- og efnaskiptavandamála, hvort sem um er að ræða appelsínuhúð, fitu, bjúg, þurra, þreytta eða feita húð. Snyrtistofan Eygló er umboðsaðili GERnétic hér á landi. Þar er boðið upp á sérhæfða meðhöndlun með þessum einstöku vörum ásamt nokkrum öðrum stofum á landinu.



Eygló býður upp á kynningu á GERnétic fyrir félög og hópa. Hún heldur einnig námskeið fyrir söluaðila út um allt land.

Fyrir um 40 árum hóf franskur læknirinn og lífefnafræðingurinn Alfred Laporte þróun á kremi fyrir sjúklinga með brunasár en hann starfaði þá á húðlækningadeild. Kreminu var ætlað að byggja upp húð sjúklinga með brunasár til þess að húðflutningur gæti átt sér stað á brennda svæðið. Þetta krem var síðar nefnt Synchro og er það einn af hornsteinum GERnétic-línunnar. Synchro er öflugt næringarkrem sem m.a. má nota á ör, slit, exem og brunasár.

Laporte sá að snyrtifræðingar og aðrir sem meðhöndla húð- og líkamsvandamál gætu notað GERnétic-vörurnar til að bæta ástand líkamans en hann leggur áherslu á að vinna á orsök húðvandamála sem oftast snýst um innri skort eða utanaðkomandi eitrun.

Myndir: Sigurjón Ragnar o.fl.



Kemur jafnvægi á líkamsstarfsemi

GERnétic-vörurnar eru unnar úr 182 jurtum og 12 tegundum af sjávargróðri. Þær eru lífrænar og án allra aukefna. Snyrti-, nudd- og líkamsmeðferðarstofur bjóða upp á meðferð með GERnétic-vörunum og selja efni til heimanotkunar. GERnétic-efnin koma jafnvægi á starfsemi eggjastokka, nýrnahefna, ristils og lifrar. Þannig vinna þau gegn bóllum, fílapenslum, andlitsroða, bjúg, fitu, hægðatregðu og fleiru.

Aðeins þeir sem hafa farið á námskeið í meðferð GERnétic-varanna mega selja þessar einstöku húðlækningavörur. Nýlega fóru snyrtifræðingar frá Snyrtistofunni Caritu í Hafnarfirði, Snyrtistofunni Dröfn í Vestmannaeyjum, Líkama og sál í Mosfellsbæ, Snyrtistofunni Eygló og Snyrtistofu Maríu í Reykjavík, ásamt nuddurum og öðrum söluaðilum, á námskeið hjá GERnétic í Frakklandi og fást vörurnar hjá þeim.

Umboðsaðili: Eygló Þorgeirsdóttir.
Símar 553-6191 og 893-5136.
<http://www.eyglo.is>